

Nd.

319. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. október 1905, um stofnun byggingarsjóðs og opinberra bygginga.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og finst mikið mæla með því, að léttu þessu gjaldi af Landsbankanum, þar sem veðdeildarlöggjöfin hefir lagt honum svo afarþungar byrðar á herðar, með því að skylda Landsbankann til þess

að leggja svo mikið fé í verðbréf, sem gefur bankanum miklu minni arð, en ef hann gæti haft fé sitt í veltu.

Meiri hluti nefndarinnar vill þó ekki beint létta þessu gjaldi af bankanum með sérstökum lögum, en hefir komið sér saman um, að koma fram með breytingartillögu við fjárlögin þess efnis, að gjald það, 7,500 kr. fyrir seðlalán Landsbankans, verði ekki innheimt fyrir það fyrsta á fjárhagstímabili því er í hönd fer.

Neðri deild Alþingis, 24. marz 1911.

Magnús Blöndahl,
formaður.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögumaður.

H. Hafstein.

Þorleifur Jónsson.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Magnússon.